

2021-2022



JEMEN

Starfsáætlun

Laufey sif ingólfsdóttir

laufeyrif@kopavogur.is





Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	2
Opnunartímar Dimmu	2
Félagsmiðstöðvadaatal 2020 – 2021	2
Starfið í vetur	3
Áherslur í starfi	3
Valáfangar	3
Samstarf við skólann	3
Viðburðir í vetur.....	3
Kvöldopnanir.....	4
Jemen Junior	4
Sameiginlegir viðburðir “Félkó”	4
Viðburðir í samvinnu við skóla.....	4
Viðburðir í samvinnu við Samfés	5
Sumaropnun félagsmiðstöðva	5
Hópastarf.....	6
Klúbbastarf.....	6
Opið starf	6
Sértækt hópastarf	6
Unglingaráð.....	7
Jemenráð	7
Félkóráð	7
Ungmennaráð Kópavogs.....	7
Ungmennaráð Samfés	8
Samstarf við foreldra	8
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	9
Neyðaráætlun	9
Móttaka nýrra starfsmanna.....	9
Öryggisgátlisti	9
Gátlistar í sértæku hópastarfi	9
Handbók um starfið	10
Rýmingaráætlun	10
Innra mat	10
Símenntunaráætlun 2021-2022.....	10
Fjöldatölur 2020-2021	12
Starfsmenn Jemen	12



Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Jemen er fyrir börn og unglinga í 5-10.bekk og er staðsett í Lindaskóla, Núpaland 7.

Jemen er með með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana inn af aðal rými skólans en á síðdegis- & kvöldopnunum höfum við einnig aðgang að matsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara og skólastjórnendur þegar þurfa þykir. Fjöldi skráðra barna í 5-7.bekk eru 147 nemendur og í 8-10.bekk eru 136 nemendur, samtals 283 nemendur í 5-10.bekk í Lindaskóla. Forstöðumaður í Jemen er Laufey Sif Ingólfsóttir. Síminn í Jemen er 696-1625/441-3024 og netfang forstöðukonu er laufeyrif@kopavogur.is.

Opnunartímar Dömmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadaagatal 2020 – 2021

Menntasvið

Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadaagatal 2021 - 2022

Nafn:

Menntasvið - Frístundadeild

Orkuþýkkir		Sexing		Sjúkavæðing saman											
AGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ					
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 B	1 D	1 S	1 S	1 M	1 M	1 M	1 M	1 M	1 M
2 M	2 F	2 L	2 L	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 F	2 L	2 M	2 F	2 M
3 B	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 S	3 B	3 F	3 F	3 B	3 M	3 F	3 M
4 L	4 M	4 L	4 M	4 F	4 B	4 M	4 L	4 S	4 M	4 L	4 L	4 M	4 S	4 M	4 L
5 F	5 S	5 B	5 B	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 B	5 M	5 S	5 B	5 M	5 S	5 S
6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 S	6 B	6 M	6 M	6 M
7 L	7 F	7 F	7 F	7 S	7 B	7 F	7 M	7 L	7 F	7 L	7 L	7 B	7 M	7 B	7 B
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L	8 B	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M	8 M
9 M	9 F	9 L	9 B	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 S	9 M	9 B	9 M	9 F	9 F
10 B	10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 F	10 F	10 B	10 M	10 S	10 M	10 M	10 M	10 M
11 M	11 L	11 M	11 L	11 L	11 F	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M
12 S	12 S	12 B	12 F	12 F	12 M	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L	12 L
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 F	13 M
14 L	14 B	14 F	14 S	14 B	14 M	14 M	14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 M	14 M	14 M	14 M
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 B	15 B	15 M	15 S	15 M	15 S	15 M	15 M	15 M	15 M
16 M	16 F	16 L	16 B	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 M	16 L	16 M	16 M	16 F	16 F
17 B	17 F	17 M	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 M	17 F	17 S	17 M	17 B	17 F	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 B	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L
19 F	19 S	19 B	19 M	19 F	19 S	19 M	19 L	19 B	19 M	19 M	19 F	19 M	19 M	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 M	20 L	20 M	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M
21 L	21 F	21 F	21 S	21 B	21 B	21 F	21 M	21 M	21 F	21 M	21 L	21 M	21 L	21 B	21 B
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 B	22 M	22 F	22 M	22 M	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 M	23 F	23 L	23 B	23 F	23 S	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 S	23 M	23 M	23 F	23 F
24 B	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 F	24 M	24 S	24 B	24 M	24 M	24 F	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 B	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M
26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 M	26 L	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 L	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M
28 L	28 B	28 F	28 S	28 B	28 F	28 M	28 M	28 M	28 F	28 M	28 L	28 B	28 M	28 B	28 B
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 S	29 B	29 F	29 F	29 S	29 M	29 S	29 M	29 M	29 M
30 M	30 F	30 L	30 B	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F
31 B		31 S		31 F	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 B	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F

Á félagsmiðstöðvadaagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kvópavogi. Forstöðumenn hvernar félagsmiðstöðvar funda aðra hverja viku ásamt deildastjóra frístundadeildar. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál, mál rædd og lagt fram hugmyndir fyrir starfið.



Félagsmiðstöðvadáagatalið er einnig að finnar hér:

S:\Félagsmiðstöðvar\Félagsmiðstöðvadáagatal\Félagsmiðstöðvadáagatal 2021-2022

Starfið í vetur

Allir unglingar í 8-10.bekk úr Lindaskóla eru velkomin á opnanir í Jemen sem og aðrir sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Flest allir viðburðir félagsmiðstöðvarinnar eru opnir öllum en þó eru einstaka viðburðir sem krefjast skráningar líkt og andvökunótt eða ferð á vegum félagsmiðstöðvarinnar en eru þó allir hvattir til þess að mæta og taka virkan þátt í því starfi sem er í boði hverju sinni. Sérstakar opnanir verða fyrir 5-7.bekk í Jemen og eru þær auglýstar sérstaklega. Reglulega yfir starfsárið fá starfsmenn Jemen, ásamt öðru starfsfólki frístundadeildar, starfsmannafræðslu er varðar málefni sem tengjast starfinu á einn eða annann hátt. Starfsmannafundir eru í Jemen annan hvern mánudag.

Áherslur í starfi

Þetta starfsárið ætlum við að leggja mikið uppúr jákvæðum samskiptum og fræðslu tengdum hinsegin málefnum, hafa fánann sýnilegan ofl. Jemen er staður þar sem allir eiga að geta notið sín, verið þeir sjálfir og liðið vel. Jemen ætlar að stuðla að fjölbreyttri dagskrá svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í samvinnu við Jemenráðið. Jemen mun reyna eftir fremsta megni að fylgja þeirri dagskrá sem auglýst er og vekja athygli með góðum fyrirvara ef breytingar verða auk þess að láta ekki dræma þátttöku koma í veg fyrir að dagskráin haldi sér.

Valáfangar

Jemen hefur undanfarin ár ekki komið að valgreinum innan Lindaskóla. Forstöðumaður ætlar að leggja sig fram í að breyta þessu og vonandi að ári verður nýtt á nálinni.

Samstarf við skólann

Forstöðumaður Jemen situr mánaðarlega fundi með aðstoðarskólastjór/deildastjóra unglingastigs og námsráðgjafa til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála. Starfsfólk Jemen koma inn sem tímavinnustarfsmenn eftir áramót með námskeiði örugg saman fyrir nemendur í 10. bekk.

Viðburðir í vetur

Viðburðir vetrarins eru fjölbreyttir líkt og þeir eru margir dæmi um viðburði eru til dæmis kökukeppni, kahoot, andvökunótt, movienight, kvöldvaka ofl.



Hér má sjá dagskrá
sem var gefin út fyrir
september mánuð.

DAGSKRÁ JEMEN					SEPTEMBER 2021				
MÁN	ÞRI	MID	FIM	FÖS					
		1 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 8. bekkur - Kareoke 9. & 10. b - Movie Night	2 	3 20:00-23:00 KAHOOT Keppni!					
6 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 Velkomin 8 bekkur!	7 	8 17:00-18:30 Opið 19:30-22:00 Velkomin 9 & 10 bekkur!	9 	10 Lokað					
13 17:00-18:30 Opið 19:30-22:00 8. bekkur - Tie Dye 9. & 10. b - Brjóstsykursgerð	14 	15 17:00-18:30 Opið 19:30-22:00 8. b - Brjóstsykursgerð 9. & 10. b - Tie Dye	16 	17 20:00-23:00 8. bekkjar Kvöldvaka					
20 17:00-18:30 Trúnó og snakksmakk 19:30-22:00 Opið Hús Jemenráðs viðtöl	21 	22 17:00-18:30 Opið 19:30-22:00 8. bekkur - Movie Night 9. & 10. b - Kareoke	23 	24 Lokað					
27 17:00-18:30 Opið 19:30-22:00 8. bekkur - fífa & amongus 9. & 10. b - Ísferð á Vestó	28 	29 17:00-18:30 Jemenráðs fundur 19:30-22:00 8. bekkur - Ísferð á Vestó 9. & 10. b - fífa & amongus	30 	1 20:00-23:00 Íþróttahús					

Kvöldopnanir

Dagskrá Jemen á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi við Jemenráð og starfsfólk Dimmu. Dagskráin er send út í gegnum Mentor, fer á Facebook og Instagram. Ásamt því að vera birt í mánaðarlegu fréttabréfi til foreldra.

Jemen Junior

Miðstigsstarfið er kallað Jemen Junior og eru allir úr 5-7. bekk velkomnir. Síðustu ár hefur einungis verið opið fyrir miðstigið annan hvern miðvikudag en þetta árið verður breyting þar á. Í október mun miðstigsstarfið í Jemen fara á fulla ferð og munum við hafa opið vikulega þetta starfsárið. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d. skotboltakeppni, útileikir, Tie Dye bolamálun, Kökukeppni og fleira sé nefnt. Í smíðjustarfinu er krafist skráningar. Dagskráin er send út í gegnum Mentor, ásamt því að hún er birt í mánaðarlegu fréttabréfi sem sent er út á alla foreldra.

Sameiginlegir viðburðir "Félkó"

Félagsmiðstöðvar Kópavogsbæjar vinna mikið saman undir nafninu "Félkó". Margir fastir sameiginlegir viðburðir eru árlega eins og t.d. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, nýársball, sköpunardagurinn, forvarnavikan, söngkeppni. Samstarfið á milli starfsstaðanna er mjög gott.

Viðburðir í samvinnu við skóla

Þeir viðburðir sem Jemen vinnur í samstarfi við skólann eru eins og er Árs hátíð, Jólaball og verkefnið Öruggr saman. Þar sem forstöðumaður Jemen var að byrja sitt fyrsta starfsár sitt hér er hann því enn



að læra inn á þau samvinnuverkefni sem eru með skólanum og skoða möguleikann á að fjölga þeim eins og til dæmis með samþættingu nemendaráðs skólans og Jemenráðsins.

Viðburðir í samvinnu við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu.

Hér má sjá dagskrá

Samfés þetta starfsárið.

DAGSKRÁ SAMFÉS 2021-2022	
	9.-10. SEPT STARFSDAGAR SAMFÉS
LANDSPING SAMFÉS+	15.-16. OKT
	12.-14. NÓV LANDSMÓT OG LANDSPING SAMFÉS
FÉLAGSMIÐSTÖÐVA OG UNGmennAHÚSAVIKAN	15.-21. NÓV
	20. NÓV DAGUR UNGA FÓLKISINS
RÍMNAFLÆÐI	26. NÓV
	3.-4. DES RAFÍPRÓTTAMÓT SAMFÉS OG ELKO
SAMFÉS-CON	7. JAN
	28. JAN DANSKEPPNI SAMFÉS
HÖNNUNARKEPPNIN STÍLL	29. JAN
	25. FEB UNDANKEPPNUM VEGNA SÖNGKEPPNI LÝKUR
SKRÁNING Í SÖNGKEPPNI SAMFÉS HEFST	28. FEB
	25. MARS SAMFESTINGURINN Í LAUGARDALSHÖLL
LEIKTÆKJAMÓT SAMFÉS	26. MARS
	26. MARS SÖNGKEPPNI SAMFÉS Í LAUGARDALSHÖLL
AÐALFUNDUR SAMFÉS 2022	28.-29. APR
	13.-14. MAÍ RAFÍPRÓTTAMÓT SAMFÉS OG ELKO

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Jemen er með sumaropnanir í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar eru af ýmsum toga t.d. brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, hjóla- og sundferðir, heimsóknir, dans, bakstur o.fl. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Í sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Lögð var áhersla á skemmtilegt og skapandi starf, jafnt innan sem utandyr, en útivist skipaði ákveðinn sess í sumarstarfinu þetta sumarið. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana en var lögð áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frísbíggj, lasertag, sundferðir, bíóferð, vatnsbyssustríð, útileikir, brjóstsykursgerð, ísferðir og fleira sé nefnt. Opnanir voru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Á sumrin er starfsfólk Jemen í samskiptum og samvinnu við vinnuskólann. Unglingarnir geta fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Jemen þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta einnig sóst eftir að vinna í Jemen í stað þess að vera úti í beðið og hefur það



samstaf gengið vel. Í tengslum við styrk sem félagsmiðstöðvarnar fengu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12-16 ára var farið af stað með nýsköpunarverkefnið Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum.

Hópastarf

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum alla daga í starfi og með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra. Starfsfólk Jemen leggur mikið uppá umhverfis og samgöngumál, lýðræði, málefni barna og fjölskyldna, loftlagsmál og lýðheilsu og þar sem starfið er rétt að byrja, stefnum við á að vinna auðvitað með Heimsmarkmiðin.

Klúbbastarf

Það þarf að innleiða þessa menningu frekar og kynna krökkunum betur fyrir hvað klúbbastarf er og hvernig það virkar. Reyna að sníða klúbba eftir þörfum unglinganna og þeirra áhugasviði. Mögulega kaupa utanafliggjandi þjónustu ef þurfa þykir. Til þess að halda úti öflugum klúbbastarfi þarf að finna styrkleika/áhugasvið starfsfólks og vinna út frá því í tengslum við áhugasvið unglinganna.

Opið starf

Opið starf felur í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Sértækt hópastarf

Hópastarf gefur unglingum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Við í Jemen erum með stóran hóp af kynsegin unglingum og er markmiðið þetta árið að vinna með þann hóp sérstaklega ásamt því að reyna að ná til þeirra unglinga sem hanga mikið heima í tölvunni yfir daginn.



Unglingaráð

Mikilvægt er að ýta undir lýðræði hjá unga fólkinu okkar og eru unglingaráð góð leið til þess. Í þessum ráðum fá unglingarnir rödd þar sem þau geta tjáð skoðanir sínar á hinum ýmsu málefnum og það er hlustað á þau.

Jemenráð

Í Jemenráði sitja níu unglingar þetta árið, fjórir úr 8.bekk, tveir úr 9.bekk og þrír úr 10.bekk. Þeir sem hafa áhuga á að vera með í Jemenráði sækja um og koma svo í viðtal hjá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar. Síðustu ár hefur verið mikil aðsókn í Jemenráð og er félagsmiðstöðin mjög heppin með áhuga hjá nemendum Lindaskóla fyrir ráðinu. Að hausti til, við upphaf annar er kosinn, formaður, varaformaður, fulltrúa í Félkóraráð og svo fulltrúa í Ungmennaráð Kópavogs. Kosningar fara fram lýðræðislega innan nemendaráðsins og þeir sem bjóða sig fram halda smá ræðu afhverju hún/hann/hán á heima í því framboði sem við á hverju sinni og í kjölfarið eru nafnlausar kosningar sem forstöðumaður fer svo yfir. Ýmis mál eru rædd á Jemenráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í Jemenráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Jemen og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í Jemenráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum félagsmiðstöðvar/skóla/landslögum geta haft þær afleiðingar að viðkomandi verði látinn fjúka úr Jemenráðinu.

Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja stóru viðburðina fyrir félagsmiðstöðvar Kópavogs, ákveða listamenn, hvaða þema á að vera og hvar á að halda viðburðinn og þar eftir götunum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá ungmenntahúsinu Molanum. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.



Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi, auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu svo að ekki sé allt miðað við fullorðna. Að ungmenni hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem snúa að þessum aldurshópi. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni. Hafa áhrif á og vinna að viðburðum á vegum Samfés, og hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun.

Samstarf við foreldra

Forstöðumaður er að vinna í því að byggja upp gott samstarf á milli félagsmiðstöðvarinnar, foreldrarölsins, foreldrafélagsins og fulltrúa fjáröflunarnefndar hjá 10.bekk. Venjan er að halda kynningar í upphafi árs fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild, en vegna COVID-19 faraldursins var sendur góður tölvupóstur á foreldra með þeim upplýsingum varðandi starf félagsmiðstöðvarinnar en vanalega hefur forstöðumaður mætt á þessar kynningar og sagt í stuttu máli frá starfinu. Mánaðarlega eru send út fréttabréf á foreldra annarsvegar fyrir miðstig og hinsvegar fyrir unglingana. Að auki er forstöðumaður duglegur að senda tölvupósta á foreldra með ýmsum upplýsingum yfir skólaárið.

Fréttabréf Jemen
fyrir september :

FRÉTTABRÉF

SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

SEPTEMBER

HÆGT ER AÐ FÁ UPPLÝSINGAR

Stímleðsla
mámdaga: 11:00-22:30
Þriðjudaga: 09:30-15:30
miðvikudagur: 11:00-20:00
fimmtudagur: 09:30-15:30
fríudagur (annar hver): 18:00-23:00
Í síma: 4413024/6961625

Sendu okkur tölvupóst
Jemen@kopavogur.is

Heimasíða:
www.felagsmidstodvar.kopavogur.is/jemen/

Þú finnst okkur á facebook
Jemen - Foreldrar (2021-2022)

NÝR FORSTÖÐUMAÐUR
LAUFEY SIF INCÓLFSÓTTIR

Laufey Sif hóf störf í félagsmiðstöð árið 2011 í Reykjavík fyrst sem frístundaleiðbeinandi og seinna aðstoðarforstöðumaður og forstöðumaður. Laufey Sif kom fyrst til okkar í Kópavogi árið 2016 og tók þá við sem forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Dimmu og er núna mætt til leiks í Jemen. Laufey er tólmstunda- og félagsmálafraeðingur að mennt ásamt því að vera með diplöma í áfengis- og vímuefnafraeðum. Hún er einnig í stjórn Samfés (samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi) og hefur setið í þeirri stjórn síðan 2019. Fyrst sem varamaður en svo sem meðstjórnandi og ritari samtakanna.

DAGSKRÁ JEMEN

MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS
		1 17:00-18:30 Lokað	2 19:00-23:00 Kjörskotið	3 19:00-23:00 Kjörskotið
6 17:00-18:30 Lokað	7 19:30-22:00 Velkominn 8 bekkur	8 17:00-18:30 Opn	9 19:30-22:00 Velkominn 9. & 10. b. - Hóstið	10 Lokað
13 17:00-18:30 Opn	14 19:30-22:00 8. bekkur - Þráttir	15 17:00-18:30 Opn	16 19:30-22:00 8. bekkur - Hóstið	17 19:00-23:00 8. bekkur Kvöldvaka
20 17:00-18:30 Opn	21 19:30-22:00 Tóna- og kvöldvaka	22 17:00-18:30 Opn	23 19:30-22:00 8. bekkur - Hóstið	24 Lokað
27 17:00-18:30 Opn	28 19:30-22:00 8. bekkur - Þráttir	29 17:00-18:30 Opn	30 19:30-22:00 8. bekkur - Hóstið	1 19:00-23:00 Þriðjudagur

SEPTEMBER Í JEMEN

Sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu tóku sig saman nú í fjórðu bylgju faraldursins og útbjuggu leiðbeiningar fyrir allt skóla- og frístundastarf sem okkur ber að fylgja í það minnsta til 1. október eða á meðan verið er að klára að bólusetja starfsfólk og 12-15 ára börn.

Septembar mánuður verður með ólítt breyttu sniði en venjan er þar sem Jemen mun fylgja sömu hópskipingu á kvöldopnunum og skólinn er með á daginn og mun því vera opið í tveimur rýmum á kvöldin. Annað rýmið verður nýtt fyrir 8. bekkinn og hitt rýmið fyrir 9. & 10. bekk.

Dagskrá mánaðarins tekur mið af þessari hópskipingu. Þrátt fyrir skritna tíma þá vonum við samt að allir finni eitthvað við sitt hæfi og hafi gaman með okkur í Jemen í september.

KVÖLDVAKA FYRIR 8. BEKK

Aður var venjan að öll unglingadeildin fengi andvökunott einu sinni á ári. Andvökunott er viðburður þar sem unglingarnir mæta seint á kvöld í félagsmiðstöðina og eru alla nóttina í fullri þátttöku og lítið sem EKKI seint.

Fyrir nokkru síðan var góð breyting á þessum í JEMEN og fær einungis 10 bekkur andvökunott. Við tímum ekki að taka viðburðinn á sig ut en það var allt aðra að enginn hefði gott af því að vaka alla nóttina, hvernig unglingar né starfsfólk, það getur því ákveðið að hver þingur fengi bara að gera þetta einu sinni í 10 bekk.

Kvöldvakan var þó eitthvað sem kom inn í staðin hjá 8. bekk þar sem það varð settur (sem áður var andvökunott) til þess að kynna þeim krökkum sem væru í unglingadeildinni betur. Kvöldvakan verður haldin 17. september frá 19:00-01:00.



Forstöðumaður Jemen er nýr og er enn að kynna sér allt samstarf sem er milli félagsmiðstöðvar og foreldra. Draumaforeldrasamstarf væri í hennar huga þar sem um öflugt foreldrarötl er að ræða, þar sem fulltrúar kíkja inn á milli í heimsókn í félagsmiðstöðina, fá sér einn kaffibolla og kynnast starfsfólki, þar sem fulltrúar röltsins eiga í góðum samskiptum við forstöðumann ef upp koma einhver vandamál á meðan á rölti stendur og starfsfólk félagsmiðstöðvar hoppar á útivaktir ef þörf er á slíku. Gott upplýsingaflæði til foreldra að hálfu forstöðumanns er varðar dagskrá félagsmiðstöðvar, ferðir og annað slíkt og á sama tíma gott upplýsingaflæði frá foreldrum þar sem það á við. Þátttaka foreldra í starfi félagsmiðstöðvarinnar, þegar boðið er til fræðslu eða til dæmis í félagsmiðstöðva- og ungmennahúsaviku, þegar foreldrum er boðið í félagsmiðstöðina. Einnig er mikilvægt að finna fyrir því að við séum að hlusta á foreldrana og verum því dugleg að svara tölvupóstum ef upp koma spurningar. Þetta á líka við á hinn vegin, mikilvægt er að finna það að foreldrar séu að hlusta, og er því feedback beggja vegna lykill að góðu samstarfi.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni. Neyðaráætlun félagsmiðstöðvanna er að finna hér:

<S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Neyðaráætlun - viðbragðsáætlun.docx>

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna:

<S:\Félagsmiðstöðvar\Móttaka nýrra starfsmanna\ÁBYRGÐ STJÓRNENDA VIÐ MÓTTÖKU NÝRRAR STARFSMANNA.docx>

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum. Gátlistann er að finna hér:

<S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Gátlisti-öryggismál.docx>

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Gátlisti er varðar hinsegin málefni væri góð nýjung í þennan annars góða gagnabanka. Hér er hægt að sjá hvar hægt er að finna eftirfarandi gátlista. Gátlisti um einelti, <..\..\Sértækt hópastarf\Forvarnir gegn einelti\Gátlisti vegna eineltis.docx>. Gátlisti er varðar félagslega einangraða, <..\..\Sértækt hópastarf\Félagslega einangraðir\Gátlisti félagslega>



einangraðir..docx og gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

..\..\Handbækur og gátlistar\gátlisti felagsmiðstöðvar\móttaka nemenda m annað móður en ísl.pdf.

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Starfsmannahandbókina er að finna hér: S:\Félagsmiðstöðvar\Handbækur og gátlistar\Starfsmannahandbók\Starfsmannahandbók 2021-2022.docx

Rýmingaráætlun

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaráfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim. Fyrrum forstöðumaður Jemen var búinn að kynna sér þessi mál og er það nú komið í hlutverk nýs forstöðumanns að koma sér inn í aðkomu hans að rýmingaráætlun skólans.

Innra mat

Starfsmanna- og nemendaráðsfundir eru okkar helsti vettvangur til þess að meta starfið. Einni dagopnanir þegar starfsfólk nær góðu spjalli við unglingana sem sækja í félagsmiðstöðinni á dagopnunum. En á fundum eru unglingarnir og starfsfólk hvatt til að tjá sig og skoðanir sínar á starfinu svo hægt væri að gera starfið betra og bæta það sem þarf. Annað töl sem við notum við innra mat eru fjöldatölurnar, þær gefa okkur ekki beinar upplýsingar um gæði og skilvirki þjónustunnar en geta þó hjálpað okkur að koma auga á hvaða árgangar eru að mæta vel og hverjir ekki, þar getum séð og brugðist við því. Í haust hefur verið mjög góð mæting hjá 8.bekk og er nánast allur árgangurinn að mæta til okkar á hverja opnun. Erfitt hefur verið að ná til nemenda 9.bekkjar og er það markmið næstu vikunnar að finna leiðir til að ná þeim enn frekar inn í starfið. Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu gefa okkur einnig góða innsýn inn í veruleika unglinga ár frá ári og er hægt að vinna t.d. fræðslufni í tengslum við þær niðurstöður. Starfsánægja er einnig hluti sem er vel mælanlegur og skiptir grundvallarmáli í starfinu okkar þar sem við sköpum það umhverfi sem krakkarnir sækja. Forstöðumaður leggur mikla áherslu á starfsánægju. Á starfsmannafundum þá er forstöðumaður að hvetja starfsfólkið og gefa þeim hrós að þau eru að standa sig vel og eru að gera starfið frábært. Einnig taka starfsmenn þátt í Starfsmannpúlssi annað hvert ár sem er framkvæmt af Skólapúlsinum.

Símenntunaráætlun 2021-2022

Starfsfólki að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Forstöðumaður ásamt starfsmanni í hærra hlutfalli fór nýverið á fræðslu hjá Barnaheill, Verndari



barna, sem mun koma að góðu gagni ef upp koma mál þess eðlis. Reglulega eru haldnar starfsmannafræðslur sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva Kópavogs mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Hér má sjá skipulagið:

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni
Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð	1.og 3.september	Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla
Skyndihjálp	20. september	Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.
Klám og „sexting“	1.nóvember	Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.
Lærdómsfundur	2.febrúar	Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés
Skipulagsdagur hlutastarfmanna	4.maí	Hlutastarfmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar.

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi


Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	september
Sexting /Hinsegin fræðsla	október
Unglingar gegn ofbeldi	nóvember
Örugg Saman	janúar
Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva)	janúar – febrúar
Jafningjafræðsla Velkomin	janúar-febrúar



Fjöldatölur 2020-2021

Fjöldatölurnar halda áfram að vera öðruvísi fyrir skólaárið 2020-2021 sökum takmarkana á opnunum vegna Covid. Voru opnanir ýmist með eðlilegum hætti, árgangaskiptar, bekkjaskiptar eða jafnvel rafrænar. Hér má sjá tölurnar:

Ágúst 2020 – **271**
September 2020 – **1261**
Október 2020 – **792**
Nóvember 2020 – **456**
Desember 2020 – **132**
Janúar 2021 – **801**
Febrúar 2021 – **714**
Mars 2021 – **196**
Apríl 2021 – **794**
Maí 2021 – **752**
Júní 2021 – **794**
Júlí 2021 – **353**



Starfsmenn Jemen

Laufey Sif Ingólfssdóttir –
Forstöðumaður

Sonja Nikulásdóttir –
Frístundaleiðbeinandi
(fæðingarorlof)

Sindri Már Ársælsson –
Frístundaleiðbeinandi

Darri Egilsson –
Frístundaleiðbeinandi

Eva Rós Eyjólfssdóttir –
Frístundaleiðbeinandi

Brynja Bjarnadóttir –
Frístundaleiðbeinandi

Torfi Guðbrandsson –
Tímavinnustarfsmaður

**Hertha Kristín
Benjamínsdóttir** –
Tímavinnustarfsmaður

